

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

netf. ust@ust.is

Hveragerði, 20. apríl 2020

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) fagna og styðja af heilum hug fram komna tillögu Umhverfis- og auðlindaráðherra að auglýsingu til friðlýsingar Geysissvæðisins í Haukadal, Biskupstungum sem náttúruvættis, í samræmi við 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en hún er hluti þess átaks í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.

Friðlýsing Geysissvæðisins er löngu tímabær og sannarlega afar ánægjuleg. Sem kunnugt er er hverasvæðið afar fjölsótt, en um leið viðkvæmt, og áriðandi að vanda til verka og standa sem allra best vörð um þessa perlu til framtíðar.

Þar sem auglýsingin er það sem framkvæmd friðlýsingarinnar mun byggja á til framtíðar er ástæða til að fara vel í saumana á hverjum og einum liði og vanda sem kostur er. Með það í huga er hér bent á nokkra þætti sem samtökin telja ástæðu til að athuga.

NSS telja þá ætlun, að stuðlað verði að endurheimt raskaðs náttúrufars á svæðinu, afar jákvæða. Sömuleiðis er að mati samtakanna mikið fagnaðarefni að þar skuli verða unnið að eyðingu ágengra, framandi tegunda. Auk minks, sem sérstaklega er getið í auglýsingartillögunni, er NSS kunnugt um að nokkuð er af Alaskalúpínu víða á svæðinu. Skv. auglýsingartillögunni virðist hugmyndin þó vera að undanskilja svæði I og II, þ.e. skógræktarsvæði og tjaldsvæði, ákvæðum 7. gr. er snúa að verndun gróðurs og dýralífs, þ.á.m. hvað framandi plöntutegundir varðar. Við þetta gera NSS alvarlega athugasemd. Landnýting á svæðum I og II má ekki verða til skaða fyrir hjarta hins friðlýsta svæðis, t.a.m. vegna ágengra, innfluttra tegunda. Standi hugur til þess að eyða plöntutegundum á borð við Alaskalúpínuna, eða í það minnsta halda í skefjum, er nauðsynlegt að horfa til svæðisins í heild, eigi von að vera um árangur. Enda er ræktun erlendra tegunda almennt óheimil á friðlýstum svæðum skv. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sem vísað er til í auglýsingartillögunni. NSS telja einnig ástæðu til að huga að vali á trjátegundum á svæðinu til framtíðar; benda á að t.a.m. aspir á mörkum tjaldsvæðis og hverasvæðis mættu gjarnan missa sín, en að áherslu mætti fremur leggja á íslenskar, upprunalegi tegundir.

Í 3. gr. auglýsingartillögunnar segir að sérstakar reglur gildi um svæði I og II. Á fjórum stöðum eru tilgreind ákvæði er þau varða, en ekki gerð grein fyrir þessum reglum að öðru leyti. Úr þessu mætti að mati NSS gjarnan bæta. Þá skal skv. 11. gr. heimilt er að reka tjaldsvæði og hestaleigu á svæðinu í samræmi við lóðarleigusamning þar um. NSS telja ástæðu til að áréttu í auglýsingunni lykिल्þætti er varða náttúruvernd sem fram þurfa að koma í slíkum samningum til framtíðar, og vísa til stjórnunar- og verndaráætlunar hvað frekari útfærslu snertir.

NSS telja jákvætt að samstarfsnefnd um hið friðlýsta svæði verði sett á laggirnar, en benda á að auk eins fulltrúa Umhverfisstofnunar og tveggja frá sveitarfélaginu Bláskógabyggð væri ekki úr vegi að bæta við fulltrúa náttúruverndarsamtaka annars vegar og ferðabjónustu hins vegar. Um einn alfjölsóttasta

ferðamannastað landsins er að ræða; náttúruverlu á landi í ríkiseigu, og blasa því rök fyrir einungis tveimur fulltrúum sveitarfélags auk eins frá Umhverfisstofnun ekki við.

Í 6. gr. segir að til verndar hverahrúðri og mögulegri endurnýjun þess skulu allir gestir svæðisins fylgja merktum göngustígum innan hverasvæðisins. NSS benda á að ákvæðið varðar einnig öryggi gesta og leggja til að þess verði getið í textanum.

Í sömu grein er ennfremur nefnt að brauðbakstur sé leyfður á svæðinu, í samræmi við hefð. NSS telja ástæðu til að skilgreina þá hefð eða vísa til stjórnunar- og verndaráætlunar hvað frekari útlistun hennar varðar.

Í 7. gr., 1. málsgrein, segir að óheimilt sé að skerða plöntur á nokkurn hátt innan náttúruvættisins, að undanskildum framandi tegundum. Þessu fagna NSS, en benda þó á að strangt til tekið mætti þá ekki snyrta gróður eða hreinsa mosa á eða við göngustíga innan svæðisins. Til þess þarf þá að taka afstöðu, þ.e. hvort svo skuli vera eða hvort leyfa skuli undantekningu á reglunni til slíks.

Í lok 11. gr., Landnotkun og mannvirkjagerð, segir að allar framkvæmdir skuli vera í samræmi við auglýsinguna, skipulag svæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun. NSS benda á að sambærilegt ákvæði væri gott að sjá í 10. gr., varðandi rannsóknir og vöktun.

Í 11. gr., 1. málsgrein, segir ennfremur að framkvæmdir kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. NSS benda á um að áætlanir (en ekki framkvæmdir) eru metnar skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða, en framkvæmdir skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Textinn þarfnast lagfæringar m.t.t. þessa.

Í 2. málsgrein sömu greinar er fjallað um heimild Umhverfisstofnunar til verndunar og lagfæringa skemmda, og eru hálkuvarnir meðal nefndra þátta. NSS benda á að framkvæmd þeirra þarf að ígrunda vel, þ.e. aðfluttur sandur er ekki heppilegur á jarðminjasvæðinu, og mikið magns salts mögulega ekki heldur. Samtökin leggja til að horft verði til þess sem langtímamarkmiðs að leggja hita í göngustíga, sem auk náttúruversjónarmiða vegna aðfluttra efna myndi auka mjög á öryggi gesta að vetrarlagi. Um fljótandi göngustíga verði að ræða, í samræmi við áætlanir byggðar á vinningstillögu Landmótunar um skiplag og hönnun á Geysissvæðinu frá árinu 2014.

Í 6. gr. segir: „Umhverfisstofnun er heimilt að stjórna afrennsli hvera í verndarskyni að því gefnu að framkvæmdir hafi ekki áhrif á hverri verndarsvæðisins.“ NSS styðja þetta ákvæði, en telja ástæðu til að hafa Náttúrufræðistofnun Íslands með í ráðum við mat á líklegum áhrifum á hverina.

Að síðustu er bent á innsláttarvillu í 15. gr., þar sem 0 (núll) vantar inn í númer laga um náttúruvernd, sem eru nr. 60/2013 en ekki 6/2013.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands



Ingibjörg Eiríksdóttir, varaformaður